Nordsjö

# Ambiance Superfinish Satin

## Pólýúretan lakk 40%




### Efnislýsing

Ambiance Superfinish Satin er hágæða vatnsþynnanlegt akrýllakk, styrkt með pólýúretan. Lakkið hefur einstaklega fallega silkimatta áferð og er ætlað til málunar á eldhúskápum, hurðum, körmum, sökklum, listum o.fl. Það hentar einnig vel á ryðvarðar plötur og stálhluti innanhúss. Ambiance Superfinish Satin hefur afar gott flot, þekur vel og myndar mjög slitsterka og þvottheldna málningarfilmu sem gulnar ekki með tímanum.

### Meðhöndlun

**Nýmálun**

1. Þegar ómeðhöndlaður viður er málaður skal einangra kvisti með Original Kvistlack eða Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
2. Grunnið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
3. Spartlið eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk.
4. Grunnið yfir spartlið, t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
5. Málið loks tvær umferðir af Ambiance Superfinish Satin.

**Endurmálun**

1. Fjarlægið fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Målartvätt og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun.
3. Grunnið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Sikkens BL Primer.
4. Spartlið flötinn ef þörf er á og grunnið.
5. Málið tvær umferðir af Ambiance Superfinish Satin.

Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og milliumferðir) þorna yfir nótt áður en lokaumferðin af Ambiance Superfinish Satin er borin á.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Tegund:** Akrýl polýúretan
**Gljástig:** Hálfgljáandi 40%
**Þurrktími við 23°C/50% raka:** Gegnumþurrt eftir 2 klst, yfirmálun möguleg eftir 6 klst
**Loft-/yfirborðshiti við málun:** Minnst +5°C
**Rakastig:** 40-80% (kjörrakastig 65%)
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur
**Þekja:** 10 $m^2$/l
**Umbúðir:** 1 og 2,5 lítra dósir
**Stofnar:** BW og BC
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC fl. A/a 130 g/l)**:** Inniheldur mest 99 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

*Síðast uppfært í ágúst 2023

SÉREFNI Dalvegur 32b, 201 Kópavogur, Iceland | sími 517 0404 | serefni.is